

Íslensk heimili eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Samt er eitt og annað sameiginlegt með þeim öllum og sumt af því er kannski framandi fyrir nemendur. Oftast er byrjað á því að fara úr skónum þegar gengið er inn á íslensk heimili – en stundum ekki. Er við hæfi að koma með eitthvað með sér þegar heimili eru heimsótt? Hvað er sjónvarpshol og til hvers er það? Á hvaða tímum dags borða Íslendingar? Hvort er algengara að Íslendingar leigi eða kaupi húsin sem þeir búa í og hversvegna?

Það er eitt að kunna tungumál á stig B2 en annað að rata um og skilja íslensk heimili. Eftir árið 2008 hafa heimilin líka verið mikið í umræðunni, stjórnmalaflokkurinn Flokkur heimilanna var jafnvel stofnaður fyrir nokkrum árum. Hagstofa Íslands heldur utan um mikið magn af tölum og gögnum sem eru gagnleg til að fá góða mynd af íslenskum heimilum og er heimildaleit mikilvægur hluti námskeiðsins. En svo er hvert heimili heimur út af fyrir sig og því munu nemendur heimsækja nokkur heimili til að fá persónulega mynd af íslenskum heimilunum.

37 tímar kennslu

Stig: CEFR B2

Staður: Ísafjörður

Koma til Ísafjarðar í síðasta lagi mánudaginn, 14.08.2017, með morgunvélinni

Kennslubyrjun: mánudaginn, 14.08.2017, kl. 11:00 í Háskóla Vestfirja

Brottför frá Ísafirði ekki fyrr enn föstudag, 18.08.2017, með kvöldvél.

ATH.: rúta í boði á laugardegi, sbr. http://www.uw.is/icelandic_courses/chartered_bus/

Verð: € 350,-, innifalið er kennsla, námskeiðsgögn, heimsóknir á fjögur heimili, léttar veitingar í IceBreaker og eitt kvöldmatarboð.

STUNDATAFLA • SCHEDULE (subject to minor changes)

	Sun 17.08.2014	Mán 14.08.	Þri 15.08.	Mið 16.08.	Fim 17.08.	Fös 18.08.	Lau 19.08.2014
08-09		Koma til Ísafjarðar www.flugfelag.is					
09-10			Grammar and overall Language Acquisition	Grammar and overall Language Acquisition	Grammar and overall Language Acquisition	Grammar and overall Language Acquisition	ATH.: Háskóla Vestfirja til Reykjavíkur sbr. upplýsingar á vefsíðu undir <i>Coming to Ísafjörður</i>
10-11		City Walk from UW					
11-12							
12-13		IceBreaker á heimili Léttar veitingar					
14-16	Grammar and overall Language Acquisition	Overall Language Acquisition	Sækjum heimilin heim!	Sækjum heimilin heim!	Hvað vitum við um heimilin? Heimildaleit	Hvað vitum við um heimilin? Samantekt	
16-18		Hvað vitum við um heimilin? Heimildaleit	Hvað vitum við um heimilin? Heimildaleit	Hvað vitum við um heimilin? Heimildaleit			
18-19					strætó í Öndarfjörð		
19-20					Sækjum heimilin heim!		
20-21	Koma til Ísafjarðar www.flugfelag.is		Kvikmynd: Heimili í kvikmyndum		Heimboð í mat	Brottför frá Ísafirði	
21-22					IceCream + skírteini	www.flugfelag.is	

Sækjum heimilin heim!

Við hittumst í Háskóla Vestfirja kl. 11:00 og byrjum námskeiðið með því að ganga í gegnum Ísafjörð, það sem við köllum the City Walk. Við endum á heimili í miðbænum þar sem við kynnumst heimilismönnum og hvort öðru betur auk þess að fá léttar veitingar.

Næstu daga heimsækjum við fleiri heimili þar sem við fáum tækifæri til að sjá hvernig þau líta út og tala við þá sem búa á heimilunum. Á fimmtudagskvöldinu er svo matarboð á heimili utan Ísafjarðar (innifalið í verði).

Tölum og skrifum rétt

Í byrjendanámskeiðum Háskóla Vestfirja er ekki lögð áhersla á allt sé kórrétt (=correct) hjá nemendum. Þetta námskeið er hinsvegar á stigi B2 og einhvern tímann þarf byrja á að temja sér að tala og skrifa rétt. Kennarinn mun greina mikilvægustu erfiðleikana hjá hverjum og einum nemanda og taka þá fyrir í kennslu. Þar sem þátttakendur hafa mjög mismunandi bakgrunn er ekki kennt eftir einni bók, heldur stuðst við fjölda gagna.

Hvað vitum við um heimilin? Heimildaleit

Nemendur á stigi B2 eiga að vera óháðir kennurum, „independent learners.“ Almennt eiga háskólanemar að fá tækifæri til að mynda sér sína eigin skoðun, á grundvelli gagna sem þeir styðjast við. Þetta á líka við þegar við tölum um íslensk heimili. Kennarinn aðstoðar einn og einn nemanda í sinni heimildaleit á netinu. Þessi þáttur námsins er því einstaklingsmiðaður.

Kvikmynd

Í boði eru kvikmyndarsýningar að minnsta kosti eitt kvöld með kennara og ætli við finnum ekki kvikmynd í það skiptið sem veitir innsýn í íslenskt heimilishald.